



# Íslandsmót öldunga (50+) 2015

**Íslandsmót öldunga verður haldið í Keiluhöllinni Egilshöll dagana 28. – 30. mars.**

**Forkeppni - helgina 28. – 29. mars kl. 09:00 í Keiluhöllinni Egilshöll**

Allir keppendur spila 12 leiki í forkeppninni, 6 leiki hvorn dag. Efstu 8 karlarnir og efstu 8 konurnar halda áfram í undanúrslit. Verð í forkeppni kr. 10.000,-

**Undanúrslit - mánudaginn 30. mars kl. 19:00 í Keiluhöllinni Egilshöll**

Efstu 8 karlarnir og efstu 8 konurnar spila 7 leiki, allir við alla, einfalda umferð. Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika síðan til úrslita strax að loknum undanúrslitum. Verð í undanúrslit kr. 5.500,-

**Úrslit - mánudaginn 30. mars strax að loknum undanúrslitunum**

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflisviðureignir telja sem skipt viðureign (1/2 stig á hvorn), ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari öldunga.

**Olíuburður** í mótinu er [2013 ESBC Munich- Kegel Middle Road](#)

**Sjá nánar** í Reglugerð KLÍ um [Íslandsmót öldunga](#).

**Skráning** fer aðeins fram á [netinu](#) og lýkur fimmtudaginn 26. mars kl. 22:00

Mótanefnd KLÍ

Ef aðsókn verður of lítil verður sameinað í einn flokk og fá þá konur 8 pinna í forgjöf.